

## Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um sjókvíaeldi á laxi af erlendum uppruna.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hefur ráðherra látið kanna hvort ástæða sé til þess að gera það að skilyrði fyrir sjókvíaeldi á laxi af erlendum uppruna að um verði að ræða ófrjóan fisk?
2. Hver er afstaða ráðherra til þess að leyfa því aðeins eldi á laxi af erlendum uppruna í sjókvíum við Ísland að um ófrjóan fisk sé að ræða?
3. Telur ráðherra, í ljósi áforma um stóraukið sjókvíaeldi á laxi af erlendum uppruna eða með erlent erfðaefni, að beita ætti heildstæðu mati á landsvísu á grundvelli aðferðafræði við umhverfismat áætlana til að fá vitneskju um áhrif slíkrar starfsemi?

Skriflegt svar óskast.

